

24. fundar stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 5.mars, kl.17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Stefán Pálsson, fulltrúi tækninefndar í hóp fimleikum, Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltested frá tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, fulltrúi tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri, boðaði forföll.

Dagskrá

Til samþykktar

1. Óskir um að erlendir aðilar fái að keppa sem gestir á Íslandsmóttinu í frjálsum æfingum.

Tvö erindi hafa borist stjórn þar sem óskað er eftir leyfi til að skrá erlenda ríkisborgara til þátttöku á Íslandsmeistaramóti í frjálsum æfingum í áhalda fimleikum sem gestir. Annars vegar er erindi frá yfirþjálfara Gerplu sem óskað er eftir því að skrá til leiks sænskan ríkisborgara til keppni á Íslandsmeistaramótið í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum karla (fullorðinna) og hins vegar er erindi frá yfirþjálfara Ármanns þar sem óskað er eftir leyfi til að skrá til leiks rússneskan ríkisborgara til keppni á Íslandsmeistaramótið í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum kvenna (fullorðinna).

Málið rætt

Í 2. kafla móta og keppendareglna ÍSÍ kemur fram í 7. grein þáttökureglna um hlutagengi keppenda að *“aðeins félagsbundnum íþróttamönnum og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Sé um erlenda íþróttamenn að ræða, þurfa þeir að hafa skriflegt leyfi síns sérsambands.”* Jafnframt kemur fram að *“Útlendingi er heimil þátttaka í Íslandsmeistaramóti í flokkaíþróttum en þáttökurétt í Íslandsmeistaramóti í einstaklingsíþrótt öðlast erlendur ríkisborgari ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlendis. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan ÍSÍ.”*

Stjórn FSÍ telur það íslenskum fimleikum til framdráttar og setja skemmtilegan svip á Íslandsmeistaramót að fá erlenda keppendur til leiks á sterkasta fimleikamót í áhaldafimleikum hérlendis og samþykkir því skráningu þeirra sem gestakeppendur, í því felst að þau fá keppnisrétt en geta ekki unnið til verðlauna. Framkvæmdarstjóra falið að tilkynna yfirþjálfurum um afgreiðslu þessa.

2. Ósk um undanþágu til keppni á þrepamóti, erindi frá Gerplu

Stjórn FSÍ hefur borist beiðni frá yfirþjálfara í Gerplu, um að tveimur drengjum verði veitt undanþága frá þáttökuskilyrðum á Íslandsmeistaramóti í íslenska fimleikastiganum.

Greinargerð: Tveir drengir sem ekki hafa lokið keppni í 1 þrepi íslenska fimleikastigans kepptu ekki á þrepamóti FSÍ né bikarmeistaramóti í 1 þrepi. Til stóð að drengirnir kepptu á bikarmeistaramóti í 1. þrepi og voru þeir upphaflega skráðir í 1. þrepið í Felix. En því var breytt til að fjölga liðum í frjálsum

æfingum. Að þessu sinni sendi fimleikadeild Gerplu tvo lið á bikarmeistaramótið í frjálsum æfingum, þar sem enginn önnur félög voru skráð til leiks og það var mat okkar að mikilvægt væri að minnsta kosti yrðu tvo lið að keppa. Báðir þessir drengir voru í keppendur í frjálsum æfingum en ekki í 1. þrepi eins og þeir hefðu í raun átt að vera. Því má áætla sem svo að þeir hafi ekki lokið keppni í 1. þrepi, kepptu á haustmóti og vilja fá að klára keppnistímabilið í sínu þrepi.

Ekki er verið að óska eftir undanþágu frá skráningarfresti þar sem að báðir voru þeir skráðir innan löglegs skráningarfrests til keppni í 1. þrepi. Þegar kom í ljóst að samkvæmt móta og keppnisreglum FSÍ uppfylltu þeir ekki þátttökurétt. Samkvæmt móta og keppnisreglum FSÍ er þátttökuskilyrði á Íslandsmeistaramóti í íslenska fimleikastiganum að hafa keppt á þrepamóti og/eða bikarmeistaramóti í 1 þrepi. Í stað þess að þessir drengir fái ekki að klára keppnistímabilið í íslenska fimleikastiganum óskar yfirþjálfari Gerplu eftir undanþágu frá þátttökuskilyrðum á Íslandsmeistaramóti í íslenska fimleikastiganum.

Framkvæmdarstjóri óskaði eftir umsögn tækninefndar karla um undanþágubeiðni þessa. Niðurstaða nefndarinnar var *“að rétt sé að veita undanþáguna þrátt fyrir að hnökrar séu á skráningunni samkv. ströngustu reglum. Mín rök og skilyrði miðað við þær forsendur sem ég hef: Strákarnir voru upphaflega skráðir til leiks í 1.þrepi sem sýnir að til stóð að keppa í þrepinu. Þeir kepptu hins vegar „uppfyrir“ sig sem var að öllum líkindum meira kerfjandi en skapaði jafnframt áhugaverða samkeppni vegna skorts á þátttöku í frjálsum æfingum. Fordæmi eru fyrir því að svona undanþágur hafi verið veittar. “* Jafnframt kemur fram í álitni tækninefndar karla að mikilvægt sé að kynna niðurstöðu stjórnna vel til allra aðildarfélaga og deilda sambandsins.

Málið rætt

Samþykkt að veita undanþágu þessa í samræmi við niðurstöðu tækninefndar karla og á forsendum þess að ekki beri að hamla þátttökurétt keppenda með íþyngjandi ákvörðunum sem hamlar framþróun greinarinnar og ánægju keppenda. Framkvæmdarstjóra falið að tilkynna aðildarfélögum sambandsins um samþykkt þessa.

3. Ósk um undanþágu til keppni á þrepamóti, erindi frá Gróttu

Stjórn FSÍ hefur borist beiðni frá yfirþjálfara Gróttu, um að undanþága frá þátttökuskilyrðum verði veitt á Íslandsmeistaramóti í íslenska fimleikastiganum.

Greinargerð: „Samkvæmt móta- og keppnisreglum FSÍ hafa þeir keppendur sem að ná 53 stigum eða meira á þrepa- og/eða Bikarmóti keppnisrétt á Íslandsmóti í þrepum. Hjá fimleikadeild Gróttu æfa tvær stúlkur sem að náðu yfir 53 stigum á Haustmóti 2012 en ekki hinum mótunum tveimur. Þær hafa náð þrepinu og geta ekki keppt í því á næsta tímabili, en fá samt ekki að keppa á Íslandsmótinu með hinum stúlkunum í félaginu sem að náðu þrepinu. Okkur þykir ekki réttlátt að þær hafi ekki tækifæri á að keppa á Íslandsmóti í 5. þrepi eins og hinir. Við óskum eftir að þessu verði breytt og þær fái að keppa á Íslandsmóti í þrepum 2013. “

Framkvæmdarstjóri óskaði eftir umsögn tækninefndar kvenna um undanþágubeiðni þessa. Tækninefnd leggst gegn þessari undanþágubeiðni.

Málið rætt

Samþykkt að veita undanþágu frá þáttökuskilyrðum á Íslandsmeistaramót íslenska fimleikastigans þrátt fyrir umsögn tækninefndar kvenna og á forsendum þess að ekki beri að hamla þáttökurétt keppenda með íþyngjandi ákvörðunum sem hamlar framþróun greinarinnar og ánægju keppenda. Ljóst er að með breytingum á þáttökuskilyrðum á Íslandsmeistaramót íslenska fimleikastigans sem gerðar voru í haust, þegar samþykkt var að Íslandsmeistaramót íslenska fimleikastigans yrði opið fyrir alla þá sem hefðu náð tilskyldum stigum á þrepamóti FSÍ og/eða bikarmeistaramóti FSÍ, gæti komið til þess að fáeinir keppendur sem hefðu uppfyllt skilyrði um færslu á milli þrepa, hefðu ekki keppnisrétt á Íslandsmeistaramót íslenska fimleikastigans. Þegar farið var í gegnum þau gögn sem fyrir liggja eru þetta 12 keppendur í 5-3 þrepi bæði drengja og stúlkna. Stjórn FSÍ telur því mikilvægt að koma til móts við þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð sem fylgir undanþágubeini yfirþjálfara Gróttu og heimila öllum þeim sem náð hafa tilskyldum stiga fjölda á FSÍ mótum vetrarins hvort sem það eru haustmót, þrepamót eða bikarmót FSÍ veturinn 2012-2013. Framkvæmdarstjóra falið að tilkynna aðildarfélögum sambandsins um samþykkt þessa og bjóða þeim keppendum sem falla undir þessa skilgreiningu þáttökurétt á Íslandsmeistaramóti íslenska fimleikastigans.

4. Tillaga frá yfirþjálfara Gerplu hafa Special Olympics keppendur með á íslandsmóti í þrepum.

Stjórn FSÍ barst tillaga frá yfirþjálfara Gerplu um að heimila keppendum þáttökurétt á Íslandsmeistaramóti íslenska fimleikastigans, sem keppa eftir reglum Special Olympics.

Greinargerð: Á síðasta ársþingi Fimleikasambandsins voru ræddar hugmyndir um að keppendur Special Olympics fengju að keppa á mótum Fimleikasambandsins á næstkomandi keppnistímabili. Vel var tekið í þessar hugmyndir á þinginu og einnig á formannafundi síðastliðið haust.

Ég hef þegar sent bréf til tækninefnda karla og kvenna þar sem ég óska eftir því að iðkendur Gerplu sem kepptu á Special Olympics fái að keppa á Íslandsmeistaramóti Fimleikasambandsins í þrepum.

Ég óska nú formlega eftir því að málið verði tekið fyrir á fundi stjórnar Fimleikasambandsins svo hægt sé að hefja skipulagningu á keppnisfyrirkomulaginu í samráði við tækninefndir.

Krakkarnir eru tíu talsins, fimm stúlkur og fimm piltar og er Gerpla tilbúin að annast framkvæmd og skipulagningu hluts Special Olympics keppenda bæði skipulag og dómgæslu í samvinnu við tækninefnd karla og kvenna.

Framkvæmdarstjóri hefur óskað eftir umsögn tækninefnda karla og kvenna í áhaldafimleikum.

- Álit tækninefndar karla; TK tók vel í þessa hugmynd þegar hún kom fyrst upp. Við erum mjög ánægðir með að fá þessa keppendur inná Íslandsmótið og trúum að það stuðli að fjölbreytileika á mótinu og enn jákvæðari ímynd á fimleika út á við.

- Álit tækninefndar kvenna; Við í TKV fögnum þessari hugmynd. Þetta er skemmtileg viðbót við Íslandsmótið og jákvætt fyrir fimleika á Íslandi. Flott að Gerpla ætlar að sjá um skipulagningu og dómgæslu í samráði við okkur.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir tillögu yfirþjálfara Gerplu og fagnar jákvæðum undirtektum tækninefnda kvenna og karla í áhaldafimleikum. Eins og fram kemur í greinargerðin sem fylgir tillögunni hefur hreyfinginn tekið vel í það að keppendur sem keppa eftir reglum Special Olympics, taki þátt í viðburðum og keppnum á vegum sambandsins. Stjórn fagnar frumkvæði fimleikadeildar Gerplu um að bjóða upp á fimleika fyrir alla, og hlakkar til að sjá frábæra fimleikamenn sem margir hverjir hafa æft fimleika á Íslandi í mörg ár en aldrei tekið þátt í keppni undir fána FSÍ. Framkvæmdarstjóra falið að kynna samþykkt þessa og undirbúa í samvinnu við tækninefnd karla , tækninefnd kvenna og fimleikadeildar Gerplu þátttöku keppenda sem keppa undir reglum Special Olympics.

5. Nýr formaður tækninefndar karla í áhaldafimleikum

Tækninefnd karla leggur til breytingu á hlutverkaskipa í tækninefnd karla. Óskað er eftir því að í stað Guðjóns Guðmundsonar sem hefur gengt formennsku í Tækninefnd karla verði Sigurður Hrafn Pétursson skipaður formaður nefndarinnar.

Málið rætt

Stjórn FSÍ felst á tillögu tækninefndar karla og þakkar Guðjóni Guðmundsyni fyrir sín störf og óskar Sigurði til hamingju með tilnefninguna. Sigurður verður því formaður í stað Guðjóns sem heldur þó áfram í tækninefnd sem meðstjórnandi.

6. Breytingar á mótadagskrá

Sviðstjóri landsliðsmála leggur til að Mílanó – meistaramótið sem halda á 6. apríl nk. verðir haldið á höfuðborgarsvæðinu í stað þess að halda mótið á Akureyri eins og áætlað er.

Greinargerð:

Samkvæmt mótaskrá fer Mílanó meistaramót í áhaldafimleikum fram 6. apríl næstkomandi á Akureyri. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið varðandi dreifingu móta um landið og er samstaða innan hreyfingarinnar um að dreifa þurfi betur mótum sem haldin eru að sambandinu. Með það í huga var ákveðið að færa mótið norður, mótið er eitt af okkar sterkustu þar sem að okkar elstu og frambærilegustu keppendur etja kappi.

Eins og sést þá ber mótið nafn samstarfsaðila Fimleikasambandsins, því er mikilvægt að allt okkar fólk keppi á mótinu, með því sköpum við þá glæsilegu umgjörð sem fylgir Mílanó meistaramótinu einu af okkar sterkustu mótum. Öll erum við sammála um að samstarf við samstarfsaðila er mikilvægt og að því ber okkur að hlúa.

Nú er komin upp sú staða að þegar að keppnistímabilið fer í gang og skipulag mótanna kemur betur í ljós, þá má sjá að mótið á Akureyri kemur beint inn í undirbúning fyrir Evrópumótið í Moskvu. Landsliði í áhaldafimleikum leggur af stað til Moskvu 14. apríl eða viku eftir Mílanó meistaramótið og því tapast 2-3 mjög dýrmætir æfingadagar sem fara í að ferðast Norður. Eins skapast alltaf viss streita

við ferðalög sem tekur tíma frá keppendum, þeim tíma væri best varið í undirbúning fyrir stærsta mót vetrarins, Evrópumótið.

Því leggur sviðstjóri landsliðsmála til að mótið verði, að þessu sinni flutt á höfuðborgarsvæðið, til að koma til móts við landsliðskeppendur. Hins vegar tel ég brýnt að það komi skýrt fram að sviðstjóri er mjög fylgjandi mótahaldi um allt land og mun leggja sitt af mörkum við að koma til móts við landsbyggðina þegar kemur að landsliðsmálum.

Málið rætt

Stjórn samþykkti tillögu sviðstjóra landsliða. Framkvæmdarstjóra er falið að tilkynna aðildarfélögum um breytingu þessa svo fljót sem auðið er.

Til bókanar

1. Fundargerð TK frá 20.febrúar 2013

Meðfylgjandi er fundargerð TK frá 20.febrúar 2013.

2. Boð frá FIG um að Hlíf Þorgeirsdóttir verðir dómari á World Gym For Life Challenge 2013.

Fimleikasambandi Íslands hefur borist bréf frá FIG, þar sem Hlíf Þorgeirsdóttur er boðið að vera dómari á World Gym For Live Challenge 2013 sem haldið verður í sumar í Cape Town Afríku. Hlíf verður ein af átta dómurum sem dæma á þessu móti en búist er við sýningar og keppnishópum frá öllum heimsálfum.

Erindi til FSÍ

1. Fyrirspurn frá THF, um hvort RIG eigi að vera á mótadagskrá á næsta keppnisvetri.

Fundi slitið kl. 19:15